

Föstudaginn 21. febrúar 1969.

Nr. 153/1968. Trygging h/f

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Slysatrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m., krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefnda, Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. f. m., hefur Síldarútvegsnefnd höfðað vegna frú Guðrúnar Gunnars, Kleppsvegi 46 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 22. marz 1965, á hendur Tryggingu h/f hér í borg til greiðslu tryggingarfjár að fjárhæð kr. 1.000.000.00 auk 7.5% ársvaxta frá 25. júlí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning

málsins var þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða 7½% ársvexti frá 24. júlí 1964 til 31. desember 1965 og 8½% ársvexti frá 1. janúar 1966 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Síldarútvegsnefnd hafði frá því á árinu 1954 keypt hjá stefnda slysatryggingu fyrir sig og starfsmenn sína. Hafði Síldarútvegsnefnd boðið tryggingu þessa út og síðan tekið tilboði stefnda. Hinn 10. marz 1964 gaf stefndi út tryggingarskírteini til endurnýjunar fyrra skírteini um þessa tryggingu. Samkvæmt hinu nýja skírteini skyldi tryggingin gilda frá 25. marz 1964 til 24. marz 1965 að báðum dögum meðtöldum. Var trygging þessi tekin fyrir nefndarmenn Síldarútvegsnefndar og starfsmenn hennar. Voru nöfn einstaklinga þeirra, sem tryggðir voru samkvæmt þessu, skráð á skírteinið. Var heildartryggingarfjárhæðin samkvæmt skírteininu ákveðin kr. 20.000.000.00 og þar af fyrir dauðaslys kr. 1.000.000.00 fyrir hvern mann. Í meginmáli skírteinisins er þess getið, að tryggingin nemi allt að kr. 1.000.000.00 fyrir hvert dauðaslys. Samkvæmt sérstökum ákvæðum skírteinisins skyldi tryggingin gilda sem persónuleg trygging fyrir sérhvern þeirra manna, sem þar voru skráðir, hvort heldur þeir yrðu fyrir slysi við störf í þágu Síldarútvegsnefndar eða við aðrar aðstæður, og reiknast allt að kr. 500.000.00. Í hinum almennu skilmálum tryggingarskírteinisins er svofellt ákvæði um áhættur þær, sem stefndi hafði undanskilið ábyrgð sinni:

„UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR: Félagið greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

- a) sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og lækni-aðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
- b) þungun konu eða barnsburði.
- c) persónulegri þátttöku tryggða í hernaðaráttökum.
- d) sjálfsmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka.
- e) geðbilun eða við að fremja glæpi“.

Sams konar fyrirvari hafði verið í tryggingarskírteinum þeim, sem gefin höfðu verið út um þessa tryggingu Síldarútvegsnefndar og gilt höfðu til 24. marz 1962. Síðasta tryggingarskírteinið á þessu tímabili hafði verið gefið út hinn 27. marz 1961, og hafði gildistími þess verið frá 25. marz 1961 til 24. marz 1962 að báðum

dögum meðtöldum. Hinn 12. marz 1963 hafði stefndi gefið út tryggingarskírteini um tryggingu þessa, og skyldi það gilda frá 25. marz 1963 til 24. marz 1964 að báðum dögum meðtöldum. Í hinum almennu skilmálum skírteinis þessa var svofellt ákvæði um áhættur þær, sem stefndi undanskildi ábyrgð sinni:

„UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR: Félagið greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

- a) sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og lækniðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
- b) þungun konu eða barnsburði.
- c) persónulegri þátttöku tryggða í hernaðarátökum.
- d) sjálfsmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða valdi tryggði sjálfum sér af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi dauða eða áverka.
- e) geðbilun eða við að fremja glæpi“.

Gísli Jóhannsson, eiginmaður frú Guðrúnar Gunnars, hafði um árabil verið starfsmaður Síldarútvegsnefndar, og er hann skráður starfsmaður nefndarinnar á framangreindum tryggingarskírteinum og því einn hinna tryggðu.

Síðdegis föstudaginn 24. júlí 1964 fór Gísli til veiða í Ölfusá. Keypti hann þar veiðileyfi um kvöldið þann sama dag. Var Gísla saknað næsta morgun, og var leit hafin að honum skömmu síðar. Um kl. 1800 sunnudaginn 26. júlí fundu leitarmenn lík Gísla í Ölfusá. Eiginkona Gísla heitins kveður hann hafa farið til vinnu sinnar á venjulegum tíma um morguninn hinn 24. júlí, eða um kl. 0900. Er hann kom heim um hádegisd, kveður hún hann hafa skýrt sér frá því, að hann væri að hugsa um að fara austur að Ölfusá til veiða síðari hluta dagsins eða um kvöldið. Kveður hún hann síðan hafa farið til vinnu sinnar um kl. 1300. Um kl. 1500 kveður hún Gísla hafa hringt heim. Hann hafi þá verið ákveðinn í að fara í veiðiferðina og beðið sig um að taka til nesti og fatnað. Milli kl. 1700 og 1800 kveður Guðrún Gísla hafa komið heim, haft fataskipti og tekið veiðiáhöld sín. Kveður hún hann hafa gert ráð fyrir að koma heim milli kl. 2300 og 2400. Guðrún kveðst alls ekki hafa getað merkt áfengisáhrif á Gísla þennan dag og kveðst aldrei hafa samþykkt, að hann færi þessa ferð, ef hún hefði haft grun um slíkt. Guðrún kveður Gísla hafa stundað nokkuð veiðar og hafi hann m. a. farið alloft austur að Ölfusá til veiða.

Við rannsókn þá, sem lögreglan á Selfossi framkvæmdi út af hvarfi Gísla, kom fram, að Jörundur Brynjólfsson, bóndi í Kald-

aðarnesi, hefði um morguninn hinn 25. júlí tilkynnt lögreglunni, að hann óttaðist, að Gísli hefði drukkað í Ölfusá sunnan við Kaldaðarnes. Nánar skýrði Jörundur svo frá við rannsókn þessa, að hann leigði út veiði í Ölfusá fyrir landi Kaldaðarness. Föstudagskvöldið 24. júlí milli kl. 1900 og 2000 hefði Gísli Jóhannsson komið einn í bifreiðinni R 12525 og fengið hjá sér veiðileyfi. Taldi Jörundur ekkert hafa verið athugavert við Gísla og kvaðst alls ekki hafa greint nein einkenni um áfengisneyzlu hjá honum. Um kl. 2100 um kvöldið kvaðst Jörundur hafa selt tveimur mönnum veiðileyfi, sem komið hafi þarna í bifreiðinni R 1224, hafi það verið tæplega miðaldra maður og unglingspiltur með honum. Þeir hafi ætlað að stunda veiðar daginn eftir og hafi þeir tjaldað um nóttina. Ekki kvað Jörundur sér hafa verið kunnugt um aðra þarna niður frá um nóttina. Jörundur kvað eiginkonu Gísla hafa hringt í sig um kl. 0900 á laugardagsmorguninn og hafi hún verið farin að undrast um Gísla, þar eð ætlun hans hafi verið að koma heim um nóttina. Kvaðst Jörundur hafa farið að svipast um eftir Gísla og kvaðst hafa fundið bifreið hans, R 12525, niðri undir svonefndu Straumnesi og veiðitösku hans opna á árbakkanum, en engin merki um það, hvað af Gísla hafði orðið. Jörundur kvað næsta mann, sem hann seldi veiðileyfi, hafa ekið fram á veiðisvæðið, skömmu áður en hann fór að huga að Gísla.

Löggæzlumenn fóru á vettvang, og leiddi rannsókn þeirra eftirfarandi í ljós: Allgreiðfært var suður Ölfusárbakkann frá Kaldaðarnesi nokkra kílómetra suður fyrir bæinn. Bifreiðinni R 12525 hafði verið ekið eins langt og hægt var á slíkri bifreið. Um 100 m sunnan við bifreiðina var veiðitaska Gísla opin á árbakkanum og maðkadós hjá. Löggæzlumennirnir kveða stað þennan nefndan Straumnes, enda liggi stríður strengur árinna þar við bakkann. Nokkrum metrum sunnan við þann stað, er taskan fannst, er efsti afrennslisskurður Flóaáveitunnar. Ekki sáu lögreglumennirnir nein merki, sem bent gætu til afdrifa Gísla. Höfðu þeir nú tal af mönnum þeim, sem voru við veiðar þarna við ána. Maður sá og piltur, sem áður eru greindir, höfðu tjaldað um 500 m norðan við bifreiðina R 12525. Kváðust þeir hafa komið þarna að ánni á föstudagskvöldið milli kl. 2100 og 2200, en gátu ekki gefið frekari upplýsingar. Maður, er þarna var við veiðar milli bifreiðarinnar R 12525 og fyrrgreindra manna, kvaðst hafa komið þarna um kl. 0830 á laugardagsmorguninn. Hann gat heldur engar upplýsingar gefið. Fáeinir veiðimenn voru allmiklu ofar

við ána en þeir, sem hér hefur verið getið. Höfðu löggæzlumennirnir ekki tal af þeim. Var nú hafin leit. Fannst þá húfa, sem talin var vera húfa Gísla, rekin við bakka árinna nokkru neðan við Straumnes. Skammt þar frá fannst whiskyflaska í viki á árbakkanum, og var í henni rúmlega $\frac{1}{4}$ af innihaldi. Á sunnudaginn var leit haldið áfram. Um kl. 1800 þann dag fannst svo lík Gísla í álnum 200 m neðan við veiðitöskuna, en um 100 m neðan við flöskuna.

Niels Dungal prófessor framkvæmdi krufningu á líki Gísla heitins. Í skýrslu prófessorsins af því tilefni segir m. a. svo:

„... Líkið kemur hingað í öllum fötum, sem eru rennandi blaut. Það er fært úr fötunum, og sést ekkert sérstaklega athugað við þau. Undir fötunum, milli þeirra og húðarinnar, var töluvert af sandi og einnig dálítið af slýi. ...

Brjóst og kviðarhol opnað: Vinstra lunga var dálítið vaxið við ofanverðan framanverðan brjóstvegginn og einnig vaxið dálítið við pericardium. Hægra lunga var fastvaxið í toppnum og einnig aftur við hrygg á parti í neðstu löbus. Enginn vökvi var í brjóstholinu.

Hjartað vó 450 gr. Gollurshúsblöðin voru fastvaxin saman, en ekki þó fastara en svo, að unnt væri að losa þau í sundur, og sáust greinilega merki þess, að þarna hafði verið fibrinsbólga, og rifnuðu fibrintægjurnar í sundur, þegar gollurshúsið var flegið frá hjartanu. Þegar vinstri ventriculus var opnaður, sást, að hann var þykkur, allt að 2 cm á þykkt, rauðbrúnn og ekkert flekkóttur, elastiskur. Ekkert athugað við endacardium eða lokur. Þegar kransæðarnar voru klipptar upp, fannst töluverður vottur af atherematosi í vinstri kransæð, sérstaklega ramus descendens, en einnig dálítið í umfeðmingsgreininni og í hægri kransæð. Hvergi voru þó nein þrengsli. Á einum stað um 7 cm frá upptökum á v. kransæð, ramus descendens, fannst athermon blettur, sem þrengdi þó dálítið af æðinni þar. Þegar hjartað var athugað að utan, sást, að atriumveggirnir voru dálítið þykknaðir af fibrinexudati, sem var utan á hjartanu, en annars var hjartað allt dálítið tægjótt eftir samvextina.

Hægra lunga vó 1060 gr. og vinstra lunga 860 gr. Bæði lungu voru svipuð að útliti: Bæði mjög stór og fyrirferðarmikil, en elastisk og þung. Hvergi sást interstitiellt emphysem á lungunum, sem voru frekar ljósrauðbláleit á litinn, sums staðar bleik eða bleikbláflekkótt. Á gegnskurði voru lungun mjög vökvamikil, og freyddi úr þeim, þegar í var skorið, en hvergi fannst nein con-

solidation. Í hægri lungnatoppi fannst ysting, sem var á stærð við rúsinu, og var það frekar linur ostur, sem ekkert kalk fannst í, en þessi ostur var í holu, sem var klædd sléttum gráleitum vegg, og fyllti osturinn alveg út í holuna. Ekki sáust annars staðar neinar slíkar breytingar. Ekki fundust neinar breytingar í hilus-eitlum lungnanna. ...

Hálslíffæri: Þegar brjóstholið var opnað fundust töluverðar blæðingar í umsculus pectoralis bæði vinstra og hægri megin, en þó meira hægri megin. Í hægri musculus sternocleidomastoides fundust einnig töluverðar blæðingar, og í vöðvunum framan á hálsinum, sérstaklega fyrir ofan glandulae thyreoideus, fundust einnig blæðingar, aðallega í musculus hyo-thyreoideus, sem liggur utan á skjaldarbrjóskeninu.

Í munnum sást áberandi mikill lymphatískur vefur á tungu-rótinni, og tonsillurnar voru stórar. Á hálsinum fundust greinilega leifar af thymus, ca. 20 gr. á þyngd. ...

Kviðarhol: Enginn vökví í peritoneum, sem var spegilslétt. Í maganum var mikið af vatnskenndu, þunnu innihaldi, og virðist greinilegt, að maðurinn hafi drukkið töluvert vatn. Magaslím-húðin var fellingarrík og eðlileg, bleik á litinn, ekkert sérlega blóðrík.

Í görnunum fannst slímhúðin blóðhlaupin, og úr því fór að nálgast valvula ileocecalis og þar fyrir ofan á um meters löngu svæði var slímhúðin öll dökkrauðleit og innihaldið allt blóð-litað. Í efri hluta garnanna, í jejunum sást ekkert áberandi athugavert. Í colon sást ekkert áberandi athugavert. ...

Þvagblaðran var tóm, slímhúðin bleik, en eðlileg. ...

Þegar kviðarholið var opnað, fannst greinilegur vottur af alcohollykt upp úr líkinu.

Heilabúið opnað: Ekkert athugavert við höfuðsvörð eða höfuð-bein. Ekkert að sjá á heilabastinu. Heili var tekinn út og vó 1580 gr. Ekkert sást athugavert við heilaeðarnar á basis. Enginn conus var á litla heilanum. Þegar heilinn var skorinn í sundur fannst hvergi neitt áberandi athugavert við hann.

Alcohol í blóði: 2.4‰.

ÁLYKTUN: Við krufninguna fundust greinileg einkenni þess, að maðurinn hefur komið lifandi í vatnið og drukknað. Auk þess fundust blæðingar í brjóstvöðvum báðum megin og einnig í háls-vöðvum, sem gæti bent til þess, að hann hafi lent í einhverri viðureign, áður en hann dó. Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lézt“.

Í dánarvottorði því, sem prófessorinn gaf, er dánarorsök tilgreind „Submersio“, þ. e. drukknun, og undanfarandi orsök „Alcoholismus acutus (2.4% í blóði)“, þ. e. bráð alchoholeitrun. Í þeim hluta vottorðsins, þar sem gera skal nánari grein fyrir slysfaradauða, er síðan þetta skráð: „Fannst á botni Ölfusár, daginn eftir að hann hafði verið að veiða þar. Greinileg drukknunareinkenni“. Í dánarvottorðinu er dánardægur skráð 25. júlí 1964.

Í framhaldi af þessu var að frumkvæði lögmanns stefnanda aflað frekari upplýsinga um rannsókn á alkóhólmagni í blóði Gísla heitins. Í svari dr. med. Ólafs Bjarnasonar, yfirlæknis í Rannsóknarstofu Háskólans, við fyrirspurn lögmannsins kemur fram, að blóð til rannsóknar alkóhólmagnsins hafi verið hjarta-blóð og hafi rannsókn á vínandamagninu verið gerð í Rannsóknarstofu Jóns Steffensens, en ekki verði séð af krufningarskýrslunni, að efnainnihald í maga hafi verið rannsakað. Varðandi þá spurningu lögmannsins, ef miðað sé við það, að Gísli heitinn hafi drukknað kl. 2150 hinn 24. júlí 1964 og líkið hafi legið í vatni til kl. 1800 hinn 27. júlí s. á., hvort talið sé, að slíkt hafi áhrif á vínandamagn í blóði, tók yfirlæknirinn fram, að æskilegt væri að fá úrskurð dómkvaddra manna eða Læknaráðs um það efni. Sem svar við frekari fyrirspurn lögmanns stefnanda um blóðsýnishorn það, sem notað var til ákvörðunar vínandamagns í blóði Gísla heitins, skýrir dr. med. Ólafur Bjarnason svo frá í bréfi, dags. 3. júní 1965:

„... Samkvæmt venju mun blóðmagn það, sem tekið var og sent, hafa verið um 35 ml. Blóðið var sent í glasi, sem merkt var: Section 225/64.

Vottorð um greinda rannsókn er ekki fyrir hendi hér, en endurrit af niðurstöðum rannsóknarinnar ætti að vera unnt að fá í Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensen.

Blóðið mun hafa verið sent í glerglasi með skrúfuðu loki. Umbúðirnar munu hafa verið þvegnar í sápuvatni og skolaðar í ómengduðu vatni og síðan þurrkaðar“.

Lögmaður stefnanda óskaði nú eftir, að prófessor Níels Dungal gerði frekari grein fyrir því, af hverju hann byggði þá skoðun sína, að orsakasamband hefði verið milli drukknunar og ölvunar Gísla heitins Jóhannssonar. Í svari prófessorsins við fyrirspurn þessari, dags. 1. september 1965, segir svo:

„... Maður, sem hefir 2.4% alkóhól í blóði sínu, er svo drukk-

inn, að hann stendur ekki öruggur á fótum sínum. Ef hann fer út í á í streymandi vatn, er honum miklu hættara við en öðrum að detta, sérstaklega ef hann veður djúpt, svo að mikill vatnsþungi hvíli á honum af straumnum. Þá er mjög hætt við, að drukkinn maður detti og geti ekki komið fótunum undir sig aftur, svo að hann drukknar. Þetta virðist hafa gerzt, er Gísli fór út í ána eftir að hafa drukkið flösku af brennivíni. Þannig hefir vafalaust verið samband hjá honum á milli ölvunar og drukknunar ...“.

Lögmaður stefnanda óskaði nú eftir upplýsingum frá Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens um meðferð hennar á blóðsýnishorni frá Rannsóknarstofu Háskólans, merktu „Section 255/1964“. Í svari forstöðumanns rannsóknarstofunnar, prófessors Jóns Steffensens, dags. 18. júní 1965, segir m. a. svo:

„... Rannsókn á blóði merktu „section 255/1964“ var gerð á rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensen 28/7 '64 af mér undirrituðum.

Rannsóknarniðurstaðan mun samkvæmt venju liggja með máls-skjölunum, og mun yður sem sakaraðila frjáls aðgangur að henni þar. Ef svo skyldi vilja til, að svarið hafi glatazt, þá vil ég taka fram, að í umræddu blóði fundust reducerandi efni, er samsvara 2.40% af alkóhóli. Tvær rannsóknir voru gerðar á blóðinu, og kom út úr þeim 2.44% og 2.37%.

Blóðsýnishorni, magni þess og umbúnaði, er því aðeins nánar lýst í svari og plöggum rannsóknarstofunnar, að því hafi verið í einhverju áfátt, t. d. ónóg blóð til rannsóknarinnar eða umbúnaður þannig, að hugsast gæti, að hann hafi haft áhrif á rannsóknarniðurstöðu, tappi lekur, glas óhreint, annarleg lykt af blóðinu o. þ. u. l. Við blóðsýnishorn merkt „section 255/1964“ er engin athugasemd gerð í bók rannsóknarstofunnar, sem táknar, að því hafi ekki verið áfátt í ofangreindum atriðum“.

Í bréfi til lögmannsins, dags. hinn 3. september 1965, gerði prófessor Jón Steffensen nánari grein fyrir rannsóknaraðferð þeirri, sem beitt hafði verið til að ákvarða vínandamagn blóðsýnishornsins. Segir þar m. a. svo:

„... Vegna þess að þér talið enn um rannsóknaraðferðir, vil ég taka það fram, að aðeins er um eina aðferð að ræða, sem rannsóknarstofan notar við áfengismagnsmælingar og sem notuð var við blóðsýnishorn merkt „section 255/1964“.

Aðferðin byggist á hæfileika alkóhóls til að reducera kalium

dikromat á sterkari brennisteinssýru upplausn ($0.214K_2Cr_2O_7$ er leyst upp í 1 ml. H_2O dest. og síðan þynnt upp í 100 ml. með H_2SO_4 cone.).

Oxyderandi máttur þessarar upplausnar er mældur með 0,01N-natrium thiosulfat upplausn, þannig að 3 ml. af kromatupplausninni er þynnt með um 25 ml. af vatni, síðan er bætt í 1 ml. af 10% kalíum jodid upplausn, og myndast þá frítt jöð svarandi til oxydations getu dikromatsins. Magn fría jöðsins er fundið með 0,01N-natrium thiosulfat titration og sterkju upplausn notuð sem indikator.

Alkóhólmælingin fer fram á þann hátt, að á botninn á víðu tilraunaglasí er látinn uppvafringur úr filterpappír og hann síðan látinn drekka í sig $\frac{1}{2}$ ml. af blóðinu, sem á að rannsaka. Ofan á uppvafringinn er nú látið smáglas með 3 ml. af dikromat upplausn í, og því næst er tilraunaglasinu vandlega lokað með gúmmítappa. Annað tilraunaglas er útbúið á sama hátt, nema í stað blóðsins er látinn $\frac{1}{2}$ ml. af aq.d. í filterpappírinn, og er þetta nefnd blindprufa. Bæði tilraunaglösin eru síðan höfð í sjóðandi vatnsbaði í eina klukkustund til þess að eima rokgjörn efni eins og alkóhól yfir í dikromat upplausnina, sem þá reducerast að því skapi sem alkóhólið er mikið, en oxyderandi máttur hennar þverrar tilsvandi. Hve miklu það nemur, er mælt með thiosulfat titration á dikromat upplausnunum úr báðum tilraunaglösunum á þann hátt, sem að ofan er lýst, og draga titrationstölu blóðsins frá gildi blindprufunnar.

Með því að rannsaka alkóhólupplausnir af þekktum styrkleika, hefur fundizt, að $\frac{1}{2}$ ml. af 1% upplausn reducerar dikromat upplausnina, sem samsvarar 4.36 ml. af 0.01N-natrium thiosulfat upplausn, og út frá því er reiknað út, hve mikið alkóhólmagn hafi verið í blóðinu.

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að aðferð sú, er hér hefur verið lýst, mælir ekki eingöngu alkóhólið í blóðinu, heldur heildarmagn rokgjarnra, reducerandi efna í því. Í blóði heilbrigðra manna er aðeins óverulegt magn af rokgjörnum, reducerandi efnum (um 0.3%), sem enga raunhæfa þýðingu hafa fyrir ölvunarmál, en við nokkra sjúkdóma, s. s. sykursýki og lifrarskemmdir, geta reducerandi efni aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu fyrir mat á alkóhólmagni í því.

Hinn 8. apríl 1965 dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík að beiðni lögmanns stefnda matsmenn til að taka afstöðu til eftirfarandi spurninga:

„a. Er það réttmæt ályktun af hendi lögmanns sóknaraðila, að áfengismagn það, 2,4 pro mille, er um getur í fyrrgreindri krufningarskýrslu Nielsar Dungals, verði dregin í efa.

b. Er það réttmæt ályktun, að blóð tekið úr líki, er legið hefur í vatni í ca. 3 sólarhringa, gefi aðra svörun við reducerandi efnum en blóð tekið úr lifandi manni? Ef svo er, hver er þá munurinn?

c. Ef höfð er í huga fyrrgreind ályktun prófessors Dungals, að maðurinn hafi verið mjög ölvaður, er hann lézt, hvað er þá sennilegasta áfengismagn í blóði hans á dánardægri, ef það skyldi reynast rétt, að blóð tekið úr líki og lifandi manni gefi aðra svörun við reducerandi efnum en blóð tekið úr lifandi manni?

d. Er það réttmæt ályktun af hendi lögmanns sóknaraðila frá sjónarmið læknisfræðinnar, ef höfð er í huga krufningarskýrsla prófessors Dungals, að eigi hafi verið um að ræða undanfarandi áfengisneyzlu af hendi Gísla heitins, er hann drukknaði?“

Hinir dómkvöddu matsmenn, Davíð Davíðsson prófessor og Þorkell Jóhannesson læknir, skiluðu sameiginlegri matsgerð og einnig hvor fyrir sig séráliti. Er matsgerð og sérálit matsmannanna, dags. 22. marz 1966, svohljóðandi:

„Etýlalkóhól er reducerandi efni, og er sá eiginleiki oft nýttur til þess að ákvarða magn þess í blóði eða þvagi. Aðferð þessi er venjulega kennd við Widmark. Geti má þó í þessu sambandi, að til er önnur og sérhæfðari aðferð til ákvörðunar á etýlalkóhóli en aðferð Widmarks. Er það svokölluð alkóhóldehydrógenasa-aðferð, sem oftast er nefnd ADH-aðferð. Hefur sú aðferð verulega kosti umfram aðferð Widmarks.

Etýlalkóhól er rokkgjarnt efni. Með aðferð Widmarks má þannig ákvarða önnur rokkgjörn, reducerandi efni sem etýlalkóhól væri. Þessi efni geta því eðlilega truflað ákvarðanir á etýlalkóhóli. Slík efni geta myndast *in vivo* í líkama manna með sykursýki eða fyrir eitúráhrif vissra efna, t. d. metýlalkóhóls og metýlklóríds. Metýlalkóhól sjálf getur einnig truflað ákvarðanir á etýlalkóhóli. Í þessu sambandi má geta, að samkvæmt Stolman and Stewart (Toxicology, vol. II p. 126, Academic Press, 1961) veldur jafnvel sykursýki á mjög háu stigi (acetonemi) hverfandi litlum truflunum á etýlalkóhólákvörðunum í blóði.

Líkami manna rotnar eftir dauðann. Ýmsir gerlar valda rotnuninni. Rotnun á sér stað bæði þar, sem loft leikur um (erób rotnun), og eins þar, sem loft er ekki til staðar (anerób rotnun). Rotnun er háð ytra hitastigi. Reynslan staðfestir óvefengjanlega,

að rotnun er mjög lítil fyrstu dagana eftir andlås, ef lík eru geymd við $+ 4^{\circ}$ C.

Hinn látni lá, að því er virðist, í mesta lagi 3 daga í vatni, sem að mestu leyti er jökulvatn. Var þetta að sumarlagi og því erfitt að áætla hitastig vatnsins. Ef að líkum lætur, sbr. meðal-lofthita á sumrum og hinn stutta tíma, er hinn látni lá í vatninu, hefur hann ekki verið rotinn að marki, er blóð var tekið við krufninguna. Um þetta atriði skortir þó nánari upplýsingar.

Enda þótt hinn látni hafi ekki neytt áfengra drykkja í lifanda lífi, girðir það ekki fyrir, að etýlalkóhól geti fundizt í litlu magni í líkama hans. Vafalítið má skýra þetta fyrirbæri á þann veg, að etýlalkóhól myndist í vefjunum við rotnun eftir andlát, enda virðist magnið þá standa í hlutfalli við rotnunina. Þannig myndast mjög lítið etýlalkóhól í blóði, sem geymt er í opnum glösum í kælskáp við venjulegt hitastig (ca. $+ 4^{\circ}$ C.). Ætla má, að etýlalkóhól hafi verið ákvarðað fljótlega í blóði hins látna, eftir að hann var krufinn. Engar upplýsingar er þó að finna um þetta atriði í meðfylgjandi gögnum né heldur um geymslu blóðsýnisins. Enn skortir heimildir um það, hve margar ákvarðanir voru gerðar eða hver var meðalskekkja á tölugildum ákvarðananna (standard error of the mean).

Ef maður hefur neytt etýlalkóhóls skömmu fyrir dauða sinn, eru við venjulegar aðstæður líkur til þess, að etýlalkóhólmagnið í vefjunum minnki eftir dauðann. Virðist minnkunin vera háð eróbri rotnun. Þannig breytist alkóhólmagnið mjög lítið við $+ 4^{\circ}$ fyrstu 7 dagana eftir andlát, en lækkar verulega við stofuhita (ca. $+ 22^{\circ}$ C.) á sama tímabili (um helming eða meira). Hins vegar virðist nefnd þverrun ekki verða að sama marki í vefjum drukkinna manna, er druknað hafa og lengi legið á kafi í vatni eða sjó. Í slíkum tilfellum virðist svo sem etýlalkóhólmagnið sé með ólíkindum mikið í vefjum hinna látnu, og er þá vitanlega miðað við sem sannastar upplýsingar um áfengisneyzlu hinna drukknudu í lifanda lífi. Engum getur þó dulizt, að slíkar upplýsingar eru oft ónákvæmar. Í þessu sambandi má ennfremur geta þess, að sennilega myndast mun meira etýlalkóhól við aneróba rotnun undir vatni en við eróba rotnun. Því fer þó fjarri, að þetta atriði sé nægilega rannsakað, né heldur hitt, hvern þátt önnur rokgjörn reducerandi efni, er myndast *post mortem* við rotnun, kunna að eiga í alkóhólákvörðunum með aðferð Widmarks.

Hinn látni hefur, ef að líkum lætur, ekki verið rotinn að marki,

er hann var krufinn (sbr. að framan). Líffæri manna rotna þó misfljótt, og er talið, að heilinn rotni síðast allra líffæra. Í tilfellum sem þessum ber því að ákvarða etýlalkóhól í heila, og jafnvel í fleiri líffærum, og bera saman við niðurstöðutölur ákvarðana á etýlalkóhóli í blóði og þvagi (sjá síðar). Sé þetta gert, og einungis þannig, má gera sér grein fyrir því, hvort og hversu mikils magns hinir látnu kunni að hafa neytt og hver áhrif breytingar *post mortem* kunni að hafa haft á ákvarðanir etýlalkóhóls.

Við mat málgagna ber að minnast þess, að etýlalkóhólmagnnið í blóði hins látna var mikið (2.4%). Í þessu sambandi ber að geta, að við klínískt mat á 2438 mönnum (mest megnis ökumenn), er höfðu drukkið áfenga drykki, voru liðlega 90% þeirra, er höfðu 2.5% af etýlalkóhóli í blóði, taldir ölvaðir. Þessi rannsókn leiddi enn fremur í ljós, að 75% þeirra, er höfðu 1.5% af etýlalkóhóli í blóði, töldust ölvaðir. (Andresen, P. H.: Juristen 1939, 21. 577.).

Aðalheimild: T. A. Gonzales, M. Vance, M. Helpers & C. J. Umberger: Legal Medicine, Pathology & Toxicology.

Sérálit Davíðs Davíðssonar.

Með tilliti til framanskráðs og síðar getinnar heimildar, verður svar mit eftirfarandi:

Að, a. Já.

Að, b. Já. Ekki er hægt að segja fyrir um muninn.

Að, c. Að svo miklu leyti sem ályktun próf. Dungals er byggð á alkóhólákvörðun í blóði hins látna hlýt ég að draga hana í efa, sbr. (svar við a og b).

Að, d. Nei. Ég finn ekkert í krufningarskýrslu próf. Dungals, sem útilokar möguleika á undanfarandi áfengisneyslu af hendi Gísla heitins, er hann druknaði.

Heimildir: Bonnichsen, Halström, Möller & Theorell: Acta pharmacologica et toxicologica 1953, 9 p. 352—361.

Sérálit Þorkels Jóhannessonar.

Sé tekið tillit til þess, hve mikið etýlalkóhól mældist í blóði, verður þannig að álit undirritaðs að öllu jöfnu að teljast líklegt, að hinn látni hafi neytt áfengra drykkja í lifanda lífi og verið ölvaður, er hann lézt. Ógerlegt er þó að kveða nánar á um, eins og gögn málsins liggja fyrir, hve mikils magns hann kann að hafa neytt, þar eð etýlalkóhól var ekki ákvarðað í þvagi (útskilið etýlalkóhól) eða hver áhrif breytingar *post mortem* kunni að hafa haft á magn etýlalkóhóls í blóði og vefjum hins látna (sjá

að framan). Ólíklegt er þó, að breytingar *post mortem* hafi verið miklar, þar eð maðurinn lá stutt í vatninu (í mesta lagi 3 sólarhringa). Þá er þess enn að gæta, að jafnvel þótt breytingar *post mortem* hafi verið svo miklar á þann veg, að innihald blóðsins mældist 1.0‰ meira en rétt væri, myndu líkur þó engu að síður styðja þá ályktun, að maðurinn hafi verið ölvaður, er hann lézt, sbr. niðurstöðutölur Andresens, er áður getur um“.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 30. júní 1966, var málið lagt fyrir Læknaráð og óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- „1. Fellst Læknaráð á ákvörðun Nielsar heitins Dungals prófessors í krufningarskýrslunni á dskj. nr. 6, þegar virt eru gögn málsins? Ef svo er ekki, óskast álit Læknaráðs á þeim atriðum, er þar greinir.
2. Fellst Læknaráð á ákvörðun Nielsar heitins Dungals prófessors á dánarvottorðinu á dskj. nr. 10, sbr. dskj. nr. 19 og 20, að því er varðar dánarorsakir, sérstaklega að því er varðar undanfarandi orsakir? Ef svo er ekki, óskast sérstök ákvörðun Læknaráðs.
3. Telur Læknaráð, að rannsóknir Jóns Steffensens prófessors samkvæmt dskj. nr. 22 og 23 á blóðsýnishorni því, er þar um ræðir, sýni örugglega innihald þess af vínanda (etýlalkóhóli)?
4. Fellst Læknaráð á álit Davíðs Davíðssonar prófessors, álit Þorkels Jóhannessonar læknis eða hvorugt? Ef Læknaráð fellst á hvorugt álit þessara, er óskað umsagnar Læknaráðs um atriði þau, er þar koma fram.
5. Telur Læknaráð, að við athugun á gögnum málsins verði fullyrt um, hvort Gísli heitinn Jóhannsson var ölvaður, er hann lézt, og ef svo verður talið, þá að hve miklu marki?
6. Álit Læknaráðs um önnur þau atriði, sem fram koma í skjölum málsins, er það telur hér máli skipta“.

Ályktun Læknaráðs varðandi spurningar þessar er svohljóðandi:

„Ad. 1. Læknaráð fellst á þá ályktun prófessors Nielsar Dungal, að dánarorsök Gísla Jóhannssonar hafi verið drukknun, en telur, að ekki verði fullyrt um, hversu ölvaður hann hafi verið, er hann lézt.

Ad. 2. Með vísan til liðs 1 fellst læknaráð á, að dánarorsökin hafi verið drukknun. Hins vegar verður ekkert fullyrt um, hvort eða hve mikinn þátt ölvun Gísla heitins hafi átt í dauða hans.

Ad. 3. Eins og fram kemur í bréfi prófessors Jóns Steffensen, dagsettu 3. september 1965, mælir aðferð sú, er hann notar við ákvörðun alkóhóls í blóði, „ekki eingöngu alkóhólið í blóðinu, heldur heildarmagn rokgjarnra reducerandi efna í því“ — „en við nokkra sjúkdóma, svo sem sykursýki og lifrarskemmdir, geta reducerandi efni aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu við mat á alkóhólmagni í því“. Í líkum, einkum þeim, sem legið hafa í vatni og farin eru að rotna, má einnig búast við auknu magni af reducerandi efnum.

Ad. 4. Læknaráð fellst á álit Þorkels Jóhannessonar læknis.

Ad. 5. Af gögnum málsins má ráða, að Gísli heitinn hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann lézt, sbr. hér að framan“.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að samkvæmt váttryggingarsamningi Síldarútvegsnefndar og stefnda hafi Síldarútvegsnefnd keypt slysáttryggingu fyrir nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar. Samkvæmt váttryggingarskírteini því, sem gefið var út í því sambandi af stefnda hinn 10. marz 1964 og gildi frá 25. marz 1964 til 24. marz 1965, hafi einn hinna tryggðu verið Gísli Jóhannsson. Hinn 24. júlí 1964 hafi Gísli látizt af slysförum og beri stefnda því að greiða hina umstefndu fjárhæð, sem sé tryggingarfjárhæð hvers einstaklings við dauðaslys. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að skilmálar umrædds váttryggingarskírteinis séu með nokkuð öðrum hætti en venja sé um slíka skilmála hér á landi og tryggingarsvið tryggingar þessarar mun víðara en annarra tryggingafélaga. Hér sé hvorki undanþegið bótaskyldu stórkostlegt vítavert gáleysi hins tryggða né slys, sem verða, er tryggði er undir áhrifum eiturlyfja eða áfengis, svo sem gert sé í hinum almennu skilmálum fyrir slysáttryggingar Sambands slysáttryggenda. Því muni stefndi hafa safnað miklum slysáttryggingum beint sökum þess, hve tryggingarsvið slysa-trygginga hans var miklu víðara en flestra annarra tryggingafélaga. Er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi hefði breytt váttryggingarskilmálunum með skírteini því, sem út var gefið hinn 12. marz 1963, þá hafi að nýju verið horfið að hinum fyrri skilmálum með skírteini því, sem gefið var út hinn 10. marz 1964. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ósannað sé með öllu, að um mistök hafi verið að ræða hjá fyrirsvarsmönnum eða starfsfólki stefnda við útgáfu þess skírteinis, enda sé fram komið, að þetta sé ekki eina skírteinið, sem gefið hafi verið út með þessum skilmálum á þessum tíma. Er því einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að jafnvel þótt hér hafi

verið um að ræða mistök af hálfu fyrirvarsmanna eða starfsmanna stefnda, þá verði stefndi að bera ábyrgð á þeim mistökum og sé hann því við skilmálana bundinn. Þá er því einnig mótmælt af hálfu stefnanda, að Gísli heitinn hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, er hann lézt, eða hafi verið undir áhrifum áfengis, en jafnframt er því haldið fram, að jafnvel þótt svo væri, þá skipti það ekki máli, því að í skilmálum váttryggingarskírteinis þess, sem í gildi var, hafi stefndi ekki undanþegið sig bótaskyldu á tjónum við slíkar aðstæður. Er því og mótmælt af hálfu stefnanda, að Gísli heitinn hafi neytt áfengis í umrætt sinn og að hann hafi átt vínflösku þá, sem löggæzlumenn fundu. Er því mótmælt, að áfengismagn það, sem tilgreint er í krufningarskýrslunni, sé rétt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í máli þessu verði ekki byggt á skilmálum tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið hinn 10. marz 1964, heldur beri að byggja á skilmálum skírteinis þess, sem út var gefið hinn 12. marz 1963, og þá beita fyrirvörum þeim, sem 4. gr. þeirra hefur að geyma. Er því haldið fram, að á stjórnarfundum stefnda hinn 28. júlí 1961 hafi skilyrðum fyrir slysaftryggingarábyrgð stefnda verið breytt og svið hennar takmarkað frá því, sem áður var, í það horf, sem fram kemur á skírteini því, sem út var gefið hinn 12. marz 1963. Er á það bent, að í 17. gr. hinna almennu skilmála þess skírteinis sé þessa getið á eftirfarandi hátt: „Þessir skilmálar voru samþykktir á stjórnarfundum í Tryggingu h/f hinn 28. júlí 1961, og gilda fyrir öll slysaftryggingarskírteini Tryggingar h/f, útgefin eftir þann dag, þar með talin framlengingarskírteini“. Hins vegar hafi fyrirvarsmönnum stefnda orðið á þau mistök við útgáfu tryggingarskírteinis til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964 að nota gamalt eyðublað með tryggingarskilmálum, sem felldir höfðu verið úr gildi hinn 28. júlí 1961, en slík eyðublöð hafi fyrir löngu átt að vera búið að eyðileggja. Er því haldið fram, að hér hafi orðið veruleg mistök, sem eigi hafi verið uppgötvuð, fyrr en kafið var um bætur þær, sem fjallað er um í máli þessu, en þessi mistök beri stefndi fyrir sig. Í þessu sambandi er á það bent af hálfu stefnda, að fyrirvarsmenn Síldarútvegsnefndar hafi áður verið búnir að fá í hendur tryggingarskírteini, þar sem stefndi hafi undanþegið sig ábyrgð, ef tryggði ylli sjálfum sér dauða eða áverka af stórkostlegu gáleysi. Því hafi fyrirvarsmenn Síldarútvegsnefndar vitað eða mátt vita um þessi mistök fyrirvarsmanna stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að

samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1936 sé stefndi því eigi bundinn við þessi ákvæði skilmála tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið hinn 10. marz 1964. Við munnlegan flutning málsins var á það bent, að einnig hafi í skírteininu orðið ósamræmi varðandi tryggingarfjárhæð hvers einstaklings, eins og hún er skráð í meginmáli skírteinisins, kr. 1.000.000.00, og í hinum sérstöku ákvæðum þess, kr. 500.000.00. Hljóti þetta að styðja þá niðurstöðu, að við útgáfu skírteinisins hinn 10. marz 1964 hafi starfsfólki stefnda orðið á mistök, sem hann sé ekki bundinn af.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að dauðdaga Gísla heitins hafi borið að vegna stórfellds gáleysis hans sjálfs, en á slíkum verknaði hafi stefndi undanþegið sig ábyrgð samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið. Er því haldið fram í þessu sambandi, að Gísli hafi vegna undanfarandi bráðrar áfengis- eitrunar eða ölæðis komið sér í það hættuástand, sem leitt hafi til drukknunar. Þá er því og haldið fram, að Gísli heitinn hafi af stórfelldu gáleysi látið hjá líða að gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnt hafi verið að ætlazt til, að hann eftir atvikum gerði til þess að varna því, að váttryggingaratburðurinn gerðist, og því sé stefndi samkvæmt ákvæði 124. gr. laga nr. 20/1954 ekki bótaskyldur.

Eins og fram er komið, hafði stefndi slysatryggt starfsmenn Síldarútvegsnefndar allt frá því á árinu 1954. Hafði Síldarútvegsnefnd leitað tilboða í váttryggingu þessa og tilboð stefnda verið hagstæðast. Lögmenn aðilja lýstu því yfir við rekstur málsins, að bréfaskipti hafi farið fram milli Síldarútvegsnefndar og stefnda um þessi viðskipti, en eftir að þeir höfðu athugað bréfaskipti þessi, lýstu þeir yfir, að þau hefðu ekki að geyma neitt það, sem þýðingu hefði fyrir úrslit máls þessa. Það verður að fallast á það með stefnanda, að skilmálar þeir, sem gilt höfðu um tryggingu þessa og m. a. fylgdu skírteini því, sem út var gefið hinn 10. marz 1964, hafi verið víðtækari en skilmálar annarra tryggingafélaga. Má ætla, að það hafi m. a. átt þátt í því, að Síldarútvegsnefnd í upphafi tók tilboði stefnda. Það kom fram af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins, að ákvörðun stjórnar stefnda hinn 28. júlí 1961 um breytingar á tryggingarskilmálunum hafi ekki verið kynnt fyrirsvarmönnum Síldarútvegsnefndar með sérstakri tilkynningu. Verður þó að telja, að það hafi fyrirsvarmönnum stefnda borið að gera, þar sem ætlunin var að breyta þætti í tryggingarsamningi aðiljanna. Það er eigi komið fram, að fyrirsvarmenn Síldarútvegsnefndar hafi haft ástæðu til

að kynna sér sérstaklega tryggingarskilmála þá, sem fylgdu tryggingarskírteinum þeim, sem út voru gefin eftir hinn 28. júlí 1961, enda máttu þeir ætla, að skilmálarnir væru óbreyttir frá því, sem áður var.

Það er fram komið, að fleiri tryggingarskírteini hafi verið gefin út af stefnda eftir umrædda samþykkt aðalfundarins hinn 28. júlí 1961, sem hafi haft að geyma sömu skilmála og þá, sem fylgdu skírteini því, sem gefið var út til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964, m. a. annað skírteini til stefnanda, útgefið hinn 13. marz 1964. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1936 ekki verða beitt um útgáfu tryggingarskírteinis þess, sem út var gefið til Síldarútvegsnefndar hinn 10. marz 1964. Verður því að telja, að stefndi sé í váttryggingarsamningi sínum við Síldarútvegsnefnd bundinn við þá takmörkun áhættu sinnar, sem gerð var í 4. gr. þeirra skilmála og áður eru raktir. Þykir í því sambandi ekki skipta máli ósamræmi það, sem orðið hefur á skráningu tryggingarfjárhæðarinnar fyrir hvert dauðaslys í meginmáli skírteinisins og hinum sérstöku ákvæðum þess, enda er því út af fyrir sig ekki andmælt, að heildartryggingarfjárhæðin hafi numið kr. 20.000.000.00 fyrir 20 nefndarmenn Síldarútvegsnefndar og starfsmenn hennar, þar af fyrir hvert dauðaslys kr. 1.000.000.00.

Krufningarskýrsla prófessors Nielsar Dungals getur um sjúklegar breytingar á lungum og hjarta. Sjúk líffæri rotna fyrr en heilbrigð og gefa því frá sér meira af rokgjörnum reducerandi efnum. Þessi staðreynd og lýsing krufningarskýrslunnar á hjarta leiðir til þess, að búast má við auknu magni af rokgjörnum, reducerandi efnum í hjartablóði hins látna en ella hefði verið, einnig sökum diffusionar. Lýsingar á blæðingum í vöðvum og hálsi benda til þess, að hinn látni hafi lent í átökum. Næst hendi er að álíta, að þær stafi af átökum, sem hann hafi átt við straumþungann, eftir að hann féll í ána, enda eru engir áverkar á húð né skemmdir á fötum, sem stutt gætu þá ályktun, að þær væru af mannavöldum. Fagbækur í meinafræði og lyflækningum eru samhljóða um, að ekki séu fyrir hendi einhlítar meinafræðilegar breytingar, sem alltaf séu til staðar hjá þeim, sem deyja af langvarandi ofdrykkju. Séu þær fyrir hendi, eru þrjár helztar: Bjúgur í heila, bjúgur í lungum og bólga og aukin blóðsókn til maga og efri hluta smágirnis. Í krufningarskýrslunni er heila lýst eðlilegum. Lungun með tilliti til þessara breytinga eru ekki til umræðu vegna drukknunar. Breytingar á efri hluta meltingar-

færa eru eigi heldur fyrir hendi. Þvert á móti er aukin blóðsókn og blóðlitað innihald í neðri hluta smágirnis, og verður það ekki skýrt sem áhrif bráðrar alkóhóleitrunar, og er orsaka að leita annars staðar. Þessar staðreyndir styðja því ekki ályktunina um bráða alkóhóleitrun, en afsanna hana heldur ekki. Hið eina úr krufningarskýrslunni, sem styður keninguna um bráða alkóhóleitrun, er því það magn, sem fannst af rokgjörnum, reducerandi efnum í hjartablóði hins látna, þ. e. 2.4%. Við rannsókn þá, sem fram fór út af hvarfi Gísla heitins, var ekki rannsakað, hvert var innihald flöskunnar, sem fannst á árbakkanum. Um stærð hennar er ekki getið, og ekki var það rannsakað, hvort Gísli hafi handleikið hana. Er það því ósannað, hvort hann hafi eða hafi ekki snert flöskuna, og engar líkur færðar fyrir því, hvort hann hafi eða hafi ekki neytt af innihaldi hennar. Enga ályktun er því hægt að draga af flöskunni um hugsanlega vínneyzlu Gísla.

Líkur benda til þess, að Gísli hafi drukknað í Ölfusá að kvöldi hins 24. júlí. Lík hans var slætt upp úr ánni laust fyrir kl. 1800 á sunnudegi 26. júlí (í skýrslu lögreglunnar stendur 27. júlí). Krufning var gerð á líkinu 27. júlí, á mánudegi, og þá tekið blóð úr hjarta og sent í alkóhólmælingu, sem gerð var 28. júlí. Í blóðinu mældust 2.4% af alkóhóli samkvæmt aðferð Widmarks.

Samkvæmt þessari mælingarniðurstöðu einni var ályktað, að Gísli hefði verið mjög ölvaður, þegar hann drukknaði.

Ölvun er metin ýmist með mælingu á alkóhólmagni í blóði eða með kliniskri skoðun. Við stjórn ökutækja, skipa, flugvéla o. s. frv. er mæling á alkóhólmagni í blóði höfð sem mælikvarði og einstaklingur talinn ölvaður, fari alkóhólmagn í blóði upp fyrir ákveðin mörk. Þessi mörk eru sett við það lágmark (0.5%) alkóhóls í blóði, sem þarf til þess, að alkóhóláhrifa fari að gæta á aksturshæfni, og við hámark (1.0% hérlandis, sums staðar erlendis 1.5%), þar sem alkóhóláhrifa á hæfni gætir alltaf, enda þótt um verulegan áhrifamun geti verið að ræða milli einstaklinga. (Progress in Chemical Toxicology I bindi, 1963, Academic Press, New York, bls. 105—107, bls. 64—65).

Rannsóknir sýna, að klinisku mati á ölvun ber ekki í öllum tilfellum saman við niðurstöður alkóhólmælinga. Samkvæmt athugunum í Þýskalandi á 450 einstaklingum, sem athugaðir voru við löggæzlu, kom í ljós, að af þeim voru 105 ekki ölvaðir við kliniska skoðun. Úr þeim hópi voru þó 35% með alkóhólmagn milli 1.1 og 1.8%, 12% með alkóhólmagn milli 1.9 og 2.5%, og 2% höfðu meira en 2.5% alkóhól í blóði. (Handbuch der ge-

samten Arbeitsmedizin I. bindi, 1961, Urban & Schwarzenberg, München, bls. 533). Einnig kom í ljós, að af 35 mönnum, sem við kliniska skoðun voru allir taldir vera mjög ölvaðir, reyndust 6% hafa undir 1‰ af alkóhóli í blóði. Þer þessum rannsóknum saman við aðrar sams konar rannsóknir sem og í dskj. nr. 25, matsgerð Davíðs Davíðssonar prófessors og dr. med. Þorkels Jóhannessonar. Af þessu verður að álykta, að það sé mjög varhugavert að dæma um ölvun einstaklings, sé ekkert vitað um hann nema alkóhólmagn í blóði og hafi hann ekki gerzt brotlegur við lagaákvæði, sem skilgreina ölvun samkvæmt mældu alkóhólmagni eingöngu.

Mæling á alkóhólmagni í blóði Gísla var gerð með aðferð Widmarks, sbr. dskj. nr. 23 og dskj. nr. 25. Í báðum þessum skjölum er gerð grein fyrir aðferðinni og tekið fram, að með henni séu mæld öll reducerandi, rokgjörn efni í blóði, en ekki eingöngu etýlalkóhól.

Lík Gísla heitins lá í Ölfusá á annan sólarhring, eða sennilega nær tveimur sólarhringum. Það var síðan flutt í líkhús og krufið, er liðið var á þriðja sólarhring frá drukknun hans. Þau skilyrði voru því fyrir hendi, að við rotnun gætu myndast rokgjörn, reducerandi efni í líkinu. Þess er ekki getið í dómsskjölum, hvort í blóðsýnið, sem rannsakað var daginn eftir krufningu, hafi verið látin efni til hindrunar á myndun reducerandi, rokgjarnra efna í sjálfu sýninu, og ekki er getið geymslumáta á því (kæling). Af þessu leiðir, að ekki verður neitt fullyrt um, hvort eða að hve miklum hluta rokgjörn, reducerandi efni kunni að hafa mælt sem alkóhól í umgetinni alkóhólmælingu.

Svo sem fram kemur í dskj. nr. 25, eru líkur fyrir því, að venjulega lækki alkóhólmagn í blóði úr líki manns, sem neytti alkóhóls skömmu fyrir andlátíð. Slíkrar lækkunar verður ekki vart, hafi viðkomandi druknað stuttu eftir alkóhólneyzlu, heldur virðist hið gagnstæða oft koma fyrir, að alkóhólmagn mælist með ólíkindum mikið. Mörg atriði þetta varðandi og um mat á alkóhólmælingum í blóði úr líkum eru ekki fullrannsókuð.

Rannsóknir hafa verið gerðar til samanburðar á mælingarniðurstöðum á alkóhóli í líkum með mismunandi aðferðum. Þegar aðferð Widmarks hefur verið borin saman við ADH aðferðina, kemur í ljós, að mælingarniðurstöður verða yfirleitt hærri með Widmarks-aðferð en ADH-aðferð í blóði úr líkum, en slíks munar gætir ekki í blóði úr lifandi fólki. Munur getur orðið mikill á niðurstöðum, einkum ef lík eru tekin að rotna og í líkum, sem

legið hafa í vatni. Þannig er þess getið, að Widmarks-aðferð hafi gefið 0.71—0.80% hærrí mælingarniðurstöðu en ADH-aðferð í líkum, sem legið höfðu í vatni. Jafnvel er getið meiri munar í mikið rotnuðum líkum. (Elbel, H. og Schleyer, F, Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117 og 121).

Þess er getið, að alkóhólmælingar í hjartablóði úr líkum verði hærrí (0.5% munur, Huber, 1943) en í periferblóði (venjulega átt við æðar á handleggjum eða fótum). Tilgátur eru um það, en rannsóknun ber ekki saman, að alkóhól úr maga geti síazt yfir í hjarta að einstaklingum látnum. (Elbel, H., og Schleyer F. Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117—121). Fleira getur valdið mun, svo sem atvik við dauða (Progress in Chemical Toxicology, I. bindi, 1963, Academic Press, New York, bls. 105—107, bls. 64—65), rotnun og gerjun í alkóhóli (Elbel, H., og Schleyer, F., Blutalkohol, 2. útgáfa, 1956, G. Thieme, Stuttgart, bls. 125—126 og 117—121).

Af framansögðu leiðir: Að niðurstöðumælingar á alkóhóli í blóði úr hjarta úr líki Gísla er ekki hægt að nota sem mælikvarða á hugsanlega áfengisneyzlu hans og ölvun kvöldið, sem hann drukknaði. Það verður að skoðast ósannað, hvort hann hafi neytt áfengis, en þó að fallast á, að líkur bendi til þess. Engum getum verður leitt að því, hver hugsanleg áhrif þeirrar áfengisneyzlu hafi verið, en vísa verður til þess, að jafnvel þó að raunverulegt alkóhólmagn í blóði sé 2.5% eða meira í lifandi manni, þá eru líkur fyrir því, að hann mundi ekki talinn undir áhrifum áfengis við klíniska skoðun.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að andlát Gísla Jóhannssonar hafi borið að með þeim hætti, að það falli undir tryggingarsvið tryggingar þeirrar, sem Síldarútvegsnefnd keypti fyrir starfsmenn sína hjá stefnda. Jafnframt verður eigi talið í ljós leitt, að þau atvik hafi verið fyrir hendi við andlát Gísla heitins, sem leysi stefnda undan greiðsluskyldu samkvæmt þeim tryggingarskilmálum, sem í gildi voru, er vátryggingaratburðurinn varð, eða samkvæmt ákvæði 124. gr. laga nr. 20/1954.

Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 1.000.000.00, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum. Af hálfu stefnda var mótmælt þeirri hækkun vaxta, sem höfð var uppi við munnlegan flutning málsins. Samkvæmt því verður stefnda með hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga

nr. 20/1954 gert að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð þannig: 7½% ársvexti frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7½% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum dr. med. Eggert Jóhannssyni og Einari Helgassyni lækni.

Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars, kr. 1.000.000.00 með 7½% ársvöxtum frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 180/1968. **Sparisjóður Hafnarfjarðar**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Birni Pálssyni

Birni Pálssyni f. h. Húna h/f og

Hákoni Magnússyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn. Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1968 og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 120.000.00 ásamt „1% vaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð“ frá 30. apríl 1968 til